



Reykjavík 22.03.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. mars 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Laugavegur milli Barónsstígs og Frakkastígs

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur og borgarhönnun, dags. 16. mars 2018 að breytingu á bílastæðum við Laugaveg milli Barónsstígs og Frakkastígs.

Samþykkt.

Visað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Örn Þórðarson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgigagn: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur og borgarhönnun, dags. 16. mars 2018

Breyting á bílastæðum við Laugaveg milli Barónsstígs og Frakkastígs

Lagt er til að öllum skábílastæðum við Laugaveg, milli Barónsstígs og Frakkastígs, verði breytt í samsíða stæði með sama hætti og gert hefur verið við tvö stæði fyrir fatlaða við Laugaveg 77. Skástæðin eru 29 talsins og gert er ráð fyrir að samsíða bílastæðin eftir breytingu verði á bilinu 18-22 talsins.



Skástæðin þrengja mjög að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda um gangstéttarnar, en fjöldi gangandi og hjólandi vegfarenda hefur aukist mikið á svæðinu undanfarin ár. Skástæðin skapa auk þess hættu fyrir gangandi vegfarendur þegar bílum er lagt svo innarlega í stæðin að fótgangandi vegfarendur geta ekki mæst á gangstéttinni og neyðast til að fara út á akbrautina.



Ólafur Ingibergsson
Sérfræðingur, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur